Alþingi
Erindi nr. Þ 143/126
komudagur 3.11.2013

3. nóvember 2013

Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks

Umrædd tillaga er af hinu góða og ber að samþykkja hana. Það er margt ógert í málefnum hinsegin fólks þá sérstaklega transfólks þrátt fyrir að fyrstu skrefin hafi verið stigin í þá átt að bæta réttarstöðu þess með lögum nr 57/2012 og frumvarpi til breytingu á hegningarlögum nr 19/1940.

Það má nefna nafnalögin sem eru mjög fjandsamleg transfólki, geðsjúkdómavæðing transfólks til að það fái læknisþjónustu og almenn viðhorf gagnvart transfólki sem enn eru fremur neikvæð.

Ég set stórt spurningamerki við hinn skamma tíma sem nefndinni er ætlað að starfa, myndi vilja gefa henni mun lengri tíma til starfa. Sum þau mál sem þarf að ræða eru þess eðlis að þau þarf að ræða ítarlega og kynna áður en frumvarp verður samið um samhæfingu og bætta réttarstöðu hinsegin fólks.

Með þessu fagna ég tillögunni og hvet til að hún verði samþykkt svo fljótt sem auðið er svo nefndin geti tekið til starfa sem fyrst.

Virðingarfyllst

Anna K. Kristjánsdóttir
301251-2979

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/273
komudagur 19.11.2013

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 19. nóvember 2013
1311004 IE

Efni: Umsögn um þált. um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál, þskj. 29 , lþ. 143.

Með tölvubréfi dags. 31. október 2013 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um þingsályktunartillögu um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál, þskj. 29, lþ. 143.

Jafnréttisstofa tekur undir þingsályktunartillöguna með vísan til rökstuðnings fyrir henni í greinargerðinni sem henni fylgir. Sérstaklega telur Jafnréttisstofa brýnt að fara vel yfir stöðu trans-fólks, með það að markmið að bæta réttarstöðu þess hóps.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur

Jafnréttisstofa, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími: 460 6200 Bréfsími: 460 6201 Netfang: jafnretti@jafnretti.is

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/630
komudagur 11.12.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 10. desember 2013.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 31. október sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um málefni hinsegin fólks, 29. mál á 143. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að fela félags- og húsnæðisráðherra að skipa nefnd með þátttöku hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnmálaflokka til að gera tillögu að samþættri aðgerðaráætlun um bætta stöðu hinsegin fólks. Nefndin skili tillögum til ráðherra fyrir 1. febrúar 2014.

Eins og réttilega er bent á voru á síðasta ári samþykkt lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda nr. 57/2012. Í þingsályktunartillögunni felst að réttarstaða hópsins verði betur greind í kjölfar lagasetningarinnar.

LÍ telur þá nefndarskipun sem lögð er til í tillögunni af hinu góða og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir vegna þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8
IS-200 Kópavogi
Sími/Tel.: (354) 654 4100
Fax: (354) 564 4106
Kt.: 450269-2639
Netfang/E-mail: lis@lis.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/146
komudagur 5.11.2013

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks. 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 29 – 29. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur að þrátt fyrir að staða hinsegin fólks hér á landi sé góð þá sé mikilvægt að styrkja stöðu þessa hóps enn betur í löggjöfinni og víðar.

MRSÍ telur jákvætt að lagt sé til að nefndin byggi á nýlegum rannsóknum sem og að hún eigi að vinna í nánu samstarfi við frjáls félagasamtök sem hafa sinnt málefnum hinsegin fólks hér á landi undanfarin ár og áratugi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavik - Iceland
Símar/Phone + 354 552 27 20 – Fax + 354 552 27 21
Netfang/ E-mail: info@mannrettindi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/227
komudagur 15.11. 2013

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 12. nóvember 2013
Tilvísun: 2013111306ÞS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 31. október 2013 þar sem stofnuninni er veittur kostur á umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks (þskj. 29, 29. mál á 143. löggjafarþingi).

Þingsályktunartillagan varðar ekki álitaefni um vinnslu persónuupplýsinga og eru því ekki gerðar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst

Þórður Sveinsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/328
komudagur 21.11.2013

Umsögn Samtakanna ´78 um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál, 143. löggjafarþing

Samtökin ´78 lýsa eindreginni ánægju með þingmálið og styðja skipan nefndar um málefni hinsegin fólks.

Það er styrkur íslensks samfélags að málefni hinsegin fólks njóta víðtæks stuðnings, ekki síst meðal stjórnmálamanna þvert á flokkalínur. Núverandi ríkisstjórn hefur sannað þá fullyrðingu, meðal annars með nýlegri ákvörðun um að veita hinsegin flóttafólki skjól á Íslandi. Samtökin hafa því enga trú á öðru en að þingmenn allra flokka veiti málinu stuðning sinn og tryggi að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi en dagi ekki uppi.

Eins og fram kemur í greinargerð með málinu er nefnilega ýmislegt sem Íslendingar þurfa enn að laga hvað varðar stöðu og lífsgæði hinsegin fólks og mikilvægt að vinna að málefnum þess út frá skipulegri heildarsýn. Ísland er einungis í tíunda sæti Evrópuríkja í árlegri úttekt hinsegin fólks í Evrópu á löggjöf og framkvæmd ríkja í málefnum hinsegin fólks og það hlýtur Alþingi að hafa metnað til að laga. Jafnframt vilja Samtökin ´78 setja fram það sjónarmið að ýmis merki hafa verið um fordóma og jafnvel ofbeldi í garð hinsegin fólks undanfarna mánuði. Þótt erfitt sé að segja til um hvað slík merki segja um þróun mála á heildina, er það áminning um að enn vantar upp á og öruggara er að mæta mögulegu bakslagi með hugarfari sóknar.

Varðandi skipan nefndarinnar biðja Samtökin ´78 um að hátt hlutfall eða meirihluti hennar verði skipaður fulltrúum ólíkra hópa hinsegin samfélagsins, ekki síst jaðarsettra hópa þess, sem og fólki með nauðsynlega þekkingu á hinsegin fræðum og kynjafræðum.

F.h. Samtakanna ´78

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/195
komudagur 12.11.2013

Allsherjar- og menntmálanefnd Alþingis

Reykjavík, 12. nóvember 2013
UB: 1311/4.1.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 29. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 31. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna við tillögu til þingsályktunar um að fela félags- og húsnæðismálaráðherra að skipa nefnd um málefni hinsegin fólks.

Umboðsmaður barna fagnar ofangreindri tillögu og vonar að hún verði samþykkt. Umboðsmaður tekur sérstaklega undir það að gera megi betur þegar kemur að fræðslu um málefni hinsegin fólks, meðal annars í skólum og annars staðar þar sem börn og ungmenni koma saman. Má í því sambandi benda á að ráðgjafarhópur umboðsmanns barna, sem er hópur ungmenna á aldrinum 13 til 18 ára, hefur margoft fjallað um nauðsyn þess að auka sýnileika hinsegin fólks í skólakerfinu og mikilvægi þess að auka fræðslu um kynhneigð og kynvitund til nemenda á öllum aldri.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna